

Fundur haldinn í skólaráði Öxarfjarðarskóla í Lundi þann 9. desember 2021 kl. 16:00

Mættir voru:

Christoph Wöll, Thomas Helmig, Guðlaug Anna Ívarsdóttir og Hrund Ásgeirsdóttir skólastjóri. Elisabeth Hauge og Charlotta Englund voru fjarverandi vegna veikinda en voru upplýstar um stöðu mála.

Fyrir fundinum lá að ræða málefni leikskóladeildarinnar í Lundi og þá alvarlegu stöðu sem er uppi vegna skorts á umbótum við forstofu og öryggismál.

Fundurinn ályktaði eftirfarandi:

*Skólaráð og foreldrafélag Öxarfjarðarskóla harma að þær framkvæmdir sem búið var að ákveða við leikskóladeildina í Lundi, skuli ekki vera hafnar ennþá. Forsenda þess að taka á móti auknum fjölda barna m.a. vegna lokunar leikskóladeildarinnar á Kópaskeri í haust, var sú að breytingar yrðu gerðar á húsnæði leikskóladeildarinnar. Af því hefur ekki orðið þrátt fyrir þær ákvarðanir sem teknar hafa verið í nefndum og ráðum Norðurþings, fyrst í Fjölskylduráði en síðar í Skipulags- og framkvæmdaráði. Það sem sérstaklega hefur verið hnykk á, er bygging forstofu auk hljóðvistarlausna og öryggislausna sem eru mjög brýnar svo að ekki hljótist af alvarleg slys.*

Vinnueftirlitið gerði athugasemdir við mikinn hávaða í sölum leikskólans sem veldur óþægindum, þreytu og streitu yfir daginn. Einnig varðandi klemmuvarnir á hurðir í leikskóla. Um var að ræða frest sem upphaflega var gefinn var til 18. janúar 2021 en síðar framlengdur til 21. september 2021. Skólastjóri gerði síðan áætlun um að úrbætur yrðu framkvæmdar í síðasta lagi 15. nóvember 2021.

Í lögum um leikskóla 2008/90 segir í 12. gr V. kafla:

*Gerð leikskólahúsnæðis skal taka mið af þörfum barna og þeirri starfsemi sem fram fer í leikskóla. Leggja skal áherslu á öruggt og rúmlegt náms- og starfsumhverfi. Húsnæði og allur aðbúnaður skal taka mið af því að tryggja öryggi og vellíðan barna og starfsfólks, svo sem hvað varðar húsbúnað, hljóðvist, lýsingu og loftræstinu.*

Sem dæmi um það sem snýr að öryggi og enn hefur ekki komið til framkvæmda eru slysgildirur á borð við upplök á gluggum, skápar sem eiga að vera fastskrúfaðir á vegg og klemmuvarnir á hurðir.

Mikið er um ung börn í leikskólanum og eru þrjú árgömul börn væntanleg eftir áramót. Þá verða alls 11 börn á aldrinum 1-2ja ára á deildinni og mörg þeirra sofa í vögnum. Það skal áréttað að ekki er svefnaðstaða fyrir öll börnin inni á deildinni og ef svo ætti að vera, þyrfti að þrengja enn meira að starfsemi grunnskólans.

Samkvæmt svari frá sveitarstjóra varðandi þessi málefni, kemur fram að það þurfi að tryggja að fjármagn sé til staðar þegar framkvæmdir eru samþykktar hjá viðkomandi nefnd. Leikskóladeildin getur því tæplega tekið á móti þeim börnum sem eiga að hefja vistun eftir áramót ef ekki verður brugðist við núna.

Fregnir eru af því að byrjað sé að teikna viðbyggingu sem er vissulega skref í rétta átt en starfsemin heldur áfram með tilheyrandi þrengslum og óboðlegri vinnuaðstöðu starfsfólks.

Skólaráð og foreldrafélag Öxarfjarðarskóla skorar á Fjölskylduráð að beita sér fyrir úrbótum strax þar sem aðstöðuleysi og bráðabirgðalausnir eru ekki í boði lengur. Að öðrum kosti verða ekki forsendur

fyrir því að taka inn fleiri börn eftir áramót og ekki er búið svo vitað sé að gera neinar ráðstafanir varðandi rekstur leikskóladeildarinnar á Kópaskeri heldur.

Skólaráð Öxarfjarðarskóla,

Charlotta Englund

Christoph Wöll

Elisabeth Erichsen Hauge

Guðlaug Anna Ívarsdóttir

Hrund Ásgeirsdóttir

Thomas Helmig